# Föstudagur 14. apríl



## SJÓNVARPIÐ

18.00 **Gosi (16).** (Pinocchio). Teiknimyndaflokkur um ævintýri Gosa. Þýðandi Jóhanna Þráinsdóttir. Leikraddir Örn Árnason.
18.25 **Kátir krakkar (8).** (The Vid Kids). Kanadískur myndaflokkur í þrettán þáttum. Þýðandi Reynir Harðarson.
18.50 **Táknmálsfréttir.**
18.55 **Austurbæingar.** (Eastenders). Breskur myndaflokkur í léttum dúr. Þýðandi Kristmann Eiðsson.
19.25 **Leðurblökumaðurinn.** (Batman). Bandarískur framhaldsmyndaflokkur. Þýðandi Trausti Júlíusson.
19.54 **Ævintýri Tinna.**
20.00 **Fréttir og veður.**
20.35 **Libba og Tibba.** Í þessum þætti er rætt við ungmenni um lífið og tilveruna og einnig er rætt við tvo pilta sem stunda kraftlyftingar. Umsjón Árni Gunnarsson og Þórður Erlingsson.
21.05 **Þingsjá.** Umsjón Ingimar Ingimarsson.
21.25 **Derrick.** Þýskur sakamálaflokkur með Derrick lögregluforingja sem Horst Tappert leikur.
22.30 **Ástarórar.** (Story of a Love Story). Frönsk mynd frá 1973. Leikstjóri John Frankenheimer. Aðalhlutverk Alan Bates, Dominique Sanda, Michel Auclair og Lea Massari. Rithöfundurinn Harry er hamingjusamlega giftur og á þrjá syni. Hann á í ástarsambandi við gifta konu og hættir að gera greinarmun á skáldskap og veruleika. Þýðandi Ólöf Pétursdóttir.
00.15 **Útvarpsfréttir í dagskrárlok.**

## STÖÐ 2

15.45 **Santa Barbara.**
16.30 **Hrói og Maríanna** Robin and Marian. Mynd fyrir alla fjölskylduna sem gerð er eftir sígildu sögunni um Hróa hött. Aðalhlutverk: Sean Connery, Audrey Hepburn og Robert Shaw. Leikstjóri: Richard Lester. Framleiðandi: Dennis O'Dell. Þýðandi: Pétur S. Hilmarsson. Columbia 1976. Sýningartími 100 mín. Lokasýning.
18.15 **Pepsí popp.** Íslenskur tónlistarþáttur þar sem sýnd verða nýjustu myndböndin, fluttar ferskar fréttir úr tónlistarheiminum, viðtöl, getraunir, leikir og alls kyns uppákomur. Þættirnir eru unnir í samvinnu við Sanitas hf. sem kostar gerð þeirra. Umsjón: Helgi Rúnar Óskarsson. Kynnar: Hafsteinn Hafsteinsson og Nadia K. Banine. Dagskárgerð: Hilmar Oddsson.
19.19 **19:19.** Frétta- og fréttaskýringaþáttur ásamt umfjöllun um þau málefni sem ofarlega eru á baugi.
20.30 **Klassapíur.** Golden Girls. Gamanmyndaflokkur um hressar miðaldra konur sem búa saman á Flórída.
21.05 **Ohara.** Spennumyndaflokkur um litla, snarpa lögregluþjóninn og sérkennilegar starfsaðferðir hans. Aðalhlutverk: Pat Morita.
21.55 **Ókindin IV** Jaws – The Revenge. Aðalhlutverk: Michael Caine og Lorraine Gary. Leikstjóri og framleiðandi: Joseph Sargent. Universal 1987. Alls ekki við hæfi barna.
23.30 **Gifting til fjár.** How To Marry a Millionaire. Aðalhlutverk: Betty Grable, Marilyn Monroe, Lauren Bacall og David Wayne. Leikstjóri: Jean Negulesco. Framleiðandi: Nunnally Johnson. 20th Century Fox 1953.
1.00 **Af óþekktum toga** Of Unknown Origin. Bart Hughes er ungur maður á uppleið. Hann vinnur hörðum höndum að því að fá varaforsetastöðu við stórt kaupsýslufyrirtæki. Aðalhlutverk: Peter Weller, Jennifer Dale, Lawrence Dane og Kenneth Welsh. Leikstjóri: George P. Cosmatos. Framleiðandi: Pierre David. Warner.
2.25 **Dagskrárlok.**

## Rás I
FM 92,4/93,5

6.45 **Veðurfregnir.** Bæn, dr. Einar Sigurbjörnsson flytur.
7.00 **Fréttir.**
7.03 **Í morgunsárið með Ingveldi Ólafsdóttur.** Fréttayfirlit kl. 7.30 og 8.30, fréttir kl. 8.00 og veðurfregnir kl. 8.15. Lesið úr forustugreinum dagblaðanna að loknu fréttayfirliti kl. 8.30. Tilkynningar laust fyrir kl. 7.30, 8.00, 8.30 og 9.00.
9.00 **Fréttir.**
9.03 **Litli barnatíminn – „Glókollur"** eftir Sigurbjörn Sveinsson. Bryndís Baldursdóttir les fyrri hluta sögunnar. (Einnig útvarpað um kvöldið kl. 20.00.)
9.20 **Morgunleikfimi.** Umsjón: Halldóra Björnsdóttir.
9.30 **Kviksjá.** Um ítalska listamanninn Angelo Branduardi. Umsjón: Halldóra Friðjónsdóttir. (Endurtekinn þáttur frá þriðjudagskvöldi.)
10.00 **Fréttir.** Tilkynningar.
10.10 **Veðurfregnir.**
10.30 **Maðurinn á bak við bæjarfulltrúann.** Umsjón: Finnbogi Hermannsson.
11.00 **Fréttir.**
11.03 **Samhljómur.** Umsjón: Anna Ingólfsdóttir. (Einnig útvarpað að loknum fréttum á miðnætti.)
11.53 **Dagskrá.**
12.00 **Fréttayfirlit.** Tilkynningar.
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Veðurfregnir.** Tilkynningar.
13.05 **Í dagsins önn** – Framhaldsskólafrumskógurinn. Umsjón: Ásgeir Friðgeirsson. (Einnig útvarpað nk. miðvikudagskvöld kl. 21.30.)
13.35 **Miðdegissagan:** „Riddarinn og drekinn" eftir John Gardner. Þorsteinn Antonsson þýddi. Viðar Eggertsson les (10.)
14.00 **Fréttir.** Tilkynningar.
14.05 **Ljúflingslög.** Svanhildur Jakobsdóttir kynnir. (Einnig útvarpað aðfaranótt miðvikudags að loknum fréttum kl. 2.00.)
15.00 **Fréttir.**
15.03 **Heilbrigt líf,** hagur allra. Umsjón: Guðrún Eyjólfsdóttir. (Endurtekinn þáttur frá miðvikudagskvöldi.)
15.45 **Þingfréttir.**
16.00 **Fréttir.**
16.03 **Dagbókin.** Dagskrá.
16.15 **Veðurfregnir.**
16.20 **Barnaútvarpið.** „Járnmaðurinn", fimm daga saga eftir Ted Hughes. Jóhann Sigurðarson les þýðingu Margrétar Oddsdóttur (5.) Sagan er flutt með leikhljóðum.
17.00 **Fréttir.**
17.03 **Tónlist á síðdegi** – Villa-Lobos og Saint Sans. - Þrjár prelúdíur fyrir gítar eftir Heitor Villa-Lobos. Eduardo Fernandez leikur. - „Bachianas Brasileiras" nr. 5 eftir Villa-Lobos. Kiri Te Kanawa syngur með sveit sellóleikara. - Fiðlukonsert nr. 3 í b-moll eftir Camille Saint-Sans. Arthur Grumieux leikur með „Lamoureux"- hljómsveitinni; Manuel Rosenyha stjórnar. (Af hljómdiskum.)
18.00 **Fréttir.**
18.03 **Þingmál.** Umsjón: Arnar Páll Hauksson. (Einnig útvarpað næsta morgun kl. 9.45.) Tónlist. Tilkynningar.
18.45 **Veðurfregnir.**
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.30 **Tilkynningar.**
19.33 **Kviksjá.** Umsjón: Friðrik Rafnsson og Halldóra Friðjónsdóttir.
20.00 **Litli barnatíminn – „Glókollur"** eftir Sigurbjörn Sveinsson. Bryndís Baldursdóttir les fyrri hluta sögunnar. (Endurtekinn frá morgni.)
20.15 **Blásaratónlist.** Leikin tónlist eftir Béla Bartók, Richard Strauss, Joseph Jong og Igor Stravinsky. (Af hljómplötum.)
21.00 **Kvöldvaka.** a. Látra-Björg Helga K. Einarsdóttir les gamalt útvarpserindi eftir Sigríði Einarsdóttur frá Munaðarnesi. b. Árnesingakórinn í Reykjavík syngur lög eftir Árnesinga. Þuríður Pálsdóttir stjórnar. c. Heyskapur til fjalla sumarið 1918. Sigurður Kristinsson les frásögn Tryggva Sigurðssonar af Fljótsdalshéraði. d. Einar Markan syngur lög eftir Sigvalda Kaldalóns e. Vestfirskar sagnir. Úlfar Þorsteinsson les úr safni Arngríms Fr. Bjarnasonar. Umsjón: Gunnar Stefánsson.
22.00 **Fréttir.** Dagskrá morgundagsins. Orð kvöldsins.
22.15 **Veðurfregnir.**
22.20 **Danslög.**
23.00 **Í kvöldkyrru.** Þáttur í umsjá Jónasar Jónassonar.
24.00 **Fréttir.**
00.10 **Samhljómur.** Umsjón: Anna Ingólfsdóttir. (Endurtekinn frá morgni.)
01.00 **Veðurfregnir.** Næturútvarp á samtengdum rásum til morguns.

## RÁS 2 FM 90,1

01.10 **Vökulögin.**
7.03 **Morgunútvarpið.** Leifur Hauksson og Jón Ársæll Þórðarson hefja daginn með hlustendum. Jón Örn Marinósson segir Ódáinsvallasögur kl. 7.45.
9.03 **Stúlkan sem bræðir íshjörtun,** Eva Ásrún kl. 9. Morgunsyrpa Evu Ásrúnar Albertsdóttur. Afmæliskveðjur kl. 10.30.
11.03 **Stefnumót.** Jóhanna Harðardóttir tekur fyrir það sem neytendur varðar.
12.00 **Fréttayfirlit.** Auglýsingar.
12.15 **Heimsblöðin.**
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Umhverfis landið á áttatíu.** Gestur Einar Jónasson leikur þrautreynda gullaldartónlist.
14.05 **Milli mála,** Óskar Páll á útkíkki og leikur ný og fín lög. – Útkíkkið upp úr kl. 14 og Arthúr Björgvin Bollason talar frá Bæheimi.
16.03 **Dagskrá.** Dægurmálaútvarp fyrir þá sem vilja vita og vera með. Stefán Jón Hafstein, Ævar Kjartansson og Sigríður Einarsdóttir. - Kaffispjall og innlit upp úr kl. 16.00, hlustendaþjónustan kl. 16.45. – Illugi Jökulsson spjallar við bændur á sjötta tímanum. – Stórmál dagsins milli kl. 17 og 18.
18.03 **Þjóðarsálin.** Þjóðfundur í beinni útsendingu. Málin eins og þau horfa við landslýð. – Hugmyndir um helgarmatinn og Ódáinsvallasögur eftir kl. 18.30.
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.33 **Áfram Ísland.** Dægurlög með íslenskum flytjendum.
20.30 **Vinsældalisti Rásar 2.** Áslaug Dóra Eyjólfsdóttir kynnir tíu vinsælustu lögin. (Einnig útvarpað á sunnudag kl. 15.00.)
21.30 **FRÆÐSLUVARP:** Lærum þýsku. Þýskukennsla fyrir byrjendur á vegum Fjarkennslunefndar og Bréfaskólans. (Endurtekinn þrettándi þáttur frá mánudagskvöldi.)
22.07 **Snúningur.** Áslaug Dóra Eyjólfsdóttir ber kveðjur milli hlustenda og leikur óskalög.
02.05 **Rokk og nýbylgja.** Skúli Helgason kynnir. (Endurtekinn þáttur frá mánudagskvöldi.)
03.00 **Vökulögin.** Tónlist af ýmsu tagi í næturútvarpi til morguns. Fréttir kl. 4.00 og sagðar fréttir af veðri, færð og flugsamgöngum kl. 5.00 og 6.00. Veðurfregnir frá Veðurstofu kl. 4.30. Fréttir kl. 2.00, 4.00, 7.00, 7.30, 8.00, 8.30, 9.00, 10.00, 11.00, 12.00, 12.20, 14.00, 15.00, 16.00, 17.00, 18.00, 19.00, 22.00 og 24.00.
8.07 – 8.30 **Svæðisútvarp Norðurlands.**
18.03 – 19.00 **Svæðisútvarp Norðurlands.**
18.03 – 19.00 **Svæðisútvarp Austurlands.**

## FM 98,9 BYLGJAN

7.00 **Þorgeir Ástvaldsson og Páll Þorsteinsson** með morgunþátt fullan af fróðleik, fréttum og ýmsum gagnlegum upplýsingum fyrir hlustendur, í bland við góða morguntónlist.
10.00 **Valdís Gunnarsdóttir.** Valdís er með hlutina á hreinu og leikur góða blöndu af þægilegri og skemmtilegri tónlist eins og henni einni er lagið.
14.00 **Bjarni Ólafur Guðmundsson.** Óskalögin, kveðjurnar, nýjustu lögin, gömlu góðu lögin, allt á sínum stað. Bjarni Ólafur stendur alltaf fyrir sínu.
18.10 **Reykjavík síðdegis. Hvað finnst þér?** Hvað er efst á baugi? Þú getur tekið þátt í umræðunni og lagt þitt til málanna í síma 61 11 11. Þáttur sem dregur ekkert undan og menn koma til dyranna eins og þeir eru klæddir þá stundina. **Steingrímur Ólafsson** stýrir umræðunum.
19.00 **Freymóður T. Sigurðsson.** Meiri tónlist – minna mas.
20.00 **Ólafur Már Björnsson.** Kynnt undir helgarstemningunni í vikulokin.
22.00 **Haraldur Gíslason.** Harðsnúni Halli kann „helgartökin" á tónlistinni. Óskalög og kveðjur í símum 68 19 00 og 61 11 11.
2.00 **Næturdagskrá.**
**Fréttir á Stjörnunni kl. 8.00, 10.00, 12.00, 14.00, 16.00 og 18.00. Fréttayfirlit kl. 9.00, 11.00, 13.00, 15.00 og 17.00.**

## Stjarnan FM 102,2 & 104

7.00 **Þorgeir Ástvaldsson og Páll Þorsteinsson** með morgunþátt fullan af fróðleik, fréttum og ýmsum gagnlegum upplýsingum fyrir hlustendur, í bland við góða morguntónlist.
10.00 **Jón Axel Ólafsson.** Leikir, tónlist og ýmislegt létt sprell með hlustendum. Jón Axel leikur nýjustu lögin og kemur kveðjum og óskalögum hlustenda til skila.
14.00 **Gunnlaugur Helgason.** Leikur hressa og skemmtilega tónlist við vinnuna. Gunnlaugur tekur hress viðtöl við hlustendur, leikur kveðjur og óskalög í bland við ýmsan fróðleik.
18.10 **Íslenskir tónar.** Þessi geysivinsæli dagskrárliður hefur verið endurvakinn vegna fjölda áskorana. Gömul og góð íslensk lög leikin ókynnt í eina klukkustund.
19.00 **Freymóður T. Sigurðsson.** Meiri tónlist – minna mas.
20.00 **Ólafur Már Björnsson.** Kynt undir helgarstemningunni í vikulokin.
22.00 **Haraldur Gíslason.** Harðsnúni Halli kann „helgartökin" á tónlistinni. Óskalög og kveðjur í símum 68 19 00 og 61 11 11.
2.00 **Næturstjörnur.**
**Fréttir á Stjörnunni kl. 8.00, 10.00, 12.00, 14.00, 16.00 og 18.00. Fréttayfirlit kl. 9.00, 11.00, 13.00, 15.00 og 17.00.**

## Hljóðbylgjan
**Reykjavík FM 95,7**
**Akureyri FM 101,8**

7.00 **Réttum megin fram úr.** Ómar Pétursson spjallar við hlustendur í morgunsárið, kemur með fréttir sem koma að gagni og spilar góða tónlist.
9.00 **Morgungull.** Hafdís Eygló Jónsdóttir á seinni hluta morgunvaktar, spilar tónlist við allra hæfi og segir frá ýmsum merkilegum hlutum. Afmæliskveðju- og óskalagasímarnir eru 27711 fyrir Norðlendinga og 625511 fyrir Sunnlendinga.
12.00 **Ókynnt hádegistónlist.**
13.00 **Perlur og pastaréttir.** Snorri Sturluson sér um tónlistina þína og lítur m.a. í dagbók og slúðurblöð. Símanúmerin fyrir óskalög og afmæliskveðjur eru 27711 fyrir Norðlendinga og 625511 fyrir Sunnlendinga.
17.00 **Síðdegi í lagi.** Þáttur fullur af fróðleik og tónlist í umsjá Þráins Brjánssonar. Meðal efnis er Belgurinn, upplýsingapakki og það sem fréttnæmast þykir hverju sinni.
19.00 **Ókynnt kvöldmatartónlist.**
20.00 **Jóhann Jóhannsson** í sínu sérstaka föstudagsskapi. Jóhann spilar föstudagstónlist eins og hún gerist best.
24.00 **Næturvakt Hljóðbylgjunnar.** Þær gerast ekki betri.
4.00 **Ókynnt tónlist til morguns.**

## Rót ÚTVARP FM 106,8

09.00 **Rótartónar.** Leikin fjölbreytt tónlist fram til hádegis og tekið við óskalögum og kveðjum í síma 623666.
13.00 **Geðsveiflan.** Tónlistarþáttur í umsjá Alfreðs Jóhannssonar og Hilmars V. Guðmundssonar.
15.00 **Á föstudegi.** Grétar Miller leikur fjölbreytta tónlist og fjallar um íþróttir.
16.30 **Frá verkfallsvakt BHMR.** Þessi þáttur verður meðan verkfallið stendur.
17.00 **Í hreinskilni sagt. Pétur Guðjónsson.**
**18.00 Upp og ofan.**
19.00 **Opið.**
20.00 **Fés.** Unglingaþáttur í umsjá Gullu.
21.00 **Uppáhaldslögin.** Tónlistarþáttur, opinn til umsóknar fyrir hlustendur að fá að annast þáttinn.
23.30 **Rótardraugar.** Lesnar draugasögur fyrir háttinn.
2.00 **Næturvakt** til morguns með Jónu de Groot. Svarað í síma 623666.

## ÚTRÁS FM 104,8

12.00 **IR.**
14.00 **IR.**
16.00 **MH.**
18.00 **FÁ.**
20.00 **MS.**
22.00 **MR.**
24.00 **Næturvakt Útrásar.** Óskalög, kveðjur og góð tónlist. Sími 680288.
04.00 **Dagskrárlok.**

## ALFA FM-102,9

17.00 **Orð trúarinnar.** Blandaður þáttur frá Trú og lífi með tónlist, u.þ.b. hálftímakennslu úr Orðinu og e.t.v. spjalli eða viðtölum. Umsjón: Halldór Lárusson og Jón Þór Eyjólfsson. (Ath. endurtekið á mánudagskvöldum.)
19.00 **Alfa með erindi til þín.** Margvíslegir tónar sem flytja blessunarríkan boðskap.
22.30 **KÁ-lykillinn.** Endurtekið frá laugardagskvöldi.
00.30 **Dagskrárlok.**

## Útvarp HAFNARFJÖRÐUR FM91.7

18.00–19.00 **Hafnarfjörður í helgarbyrjun.** Leikin létt tónlist og sagt frá menningar- og félagslífi á komandi helgi.



**Lorraine Gary og Michael Caine fara með aðalhlutverkin í Ókindinni.**

### Stöð 2 kl. 21.55:

# Ókindin IV

Fjórði kapítuli um hákarlinn ógurlega hefst á gömlum söguslóðum við strendur Nýja-Englands.

Lögreglustjórinn, hinn forni fjandi hákarlsins, dvelur þar ásamt konu sinni og tveimur sonum og brátt fer óhugnaðurinn að gera vart við sig. Annar sonurinn hverfur í gin hákarlsins og móðirin forðar sér með eftirlifandi syni sínum til Bahamaeyja. Þar leggur drengurinn stund á hafrannsóknir og fyrr en varir hefur hákarlinn leitað þau uppi. Söguþráðurinn verður ekki rakinn nánar en sjón er sögu ríkari.

Það eru liðin þrettán ár síðan Steven Spielberg gerði sína fyrstu hákarlamynd sem sló öll aðsóknarmet. -J.Mar



**Gifting til fjár er gamanmynd með stórstjörnunum Marilyn Monroe, Betty Grable og Lauren Bacall í aðalhlutverkum.**

### Stöð 2 kl. 23.30:

# Gifting til fjár

## – gamanmynd

Þrjár fyrirsætur leigja sér lúxusíbúð í New York. Þær hafa uppi áform um að ná í ríka eiginmenn og beita ýmsum brögðum til þess.

Myndin var gerð árið 1953 þegar leikkonan Betty Grable, sem leikur eina fyrirsætuna, var á hátindi frægðar sinnar í Hollywood. Marilyn Monroe var hins vegar ekki eins fræg á þessum tíma en þótti mikil upphefð í því að leika á móti stórstjörnunni Betty. Enginn vissi þá að hún ætti eftir að skjóta Betty og öðrum stórstjörnum í Hollywood ref fyrir rass. Þriðju vinkonuna lék enn ein stórstjarnan, Lauren Bacall.

Gagnrýnendur voru hrifnir af leik Marilyn í þessu hlutverki og töldu á sínum tíma myndina vera fullkominn leiksigur fyrir Marilyn. -J.Mar

### Sjónvarp kl. 22.30:

# Ástarórar

Leitin að hinni einu sönnu ást getur verið rómantísk, gamansöm, sorgleg og þar fram eftir götunum.

Rithöfundurinn Harry er hamingjusamlega giftur konu að nafni Elísabet og á með henni þrjá syni. Á fögrum degi í París hittir hann gifta konu að nafni Natalie og þau eiga saman ástríðufulla nótt í íbúð hans. Þau ákveða að halda sambandinu áfram og Harry trúir því í einlægni að honum auðnist að halda hjónabandi sínu gangandi en málin þróast á aðra lund og brátt hættir Harry að gera mun á raunveruleika og skáldskap.



**Harry og Natalie hittast í París og verða ástfangin.**

Hjónaband Natalie er á leiðinni í hundana og eiginmaður hennar kemst brátt að því að hún er farin að halda framhjá honum og hann getur ekki sætt sig við slíkt.

Natalie reynir hvað hún getur að bjarga hjónabandi sínu og Harry gerir slíkt hið sama en þau geta hins vegar ekki gleymt hvort öðru.

Þetta er í stuttu máli söguþráður föstudagsmyndar Sjónvarps sem er frönsk frá árinu 1973. -J.Mar